

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Finns Jónssonar frá Geirmundarstöðum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. nóvember 1972.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Finns Jónssonar frá Geirmundarstöðum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Finns Jónssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Finn Jónsson, bónda að Geirmundarstöðum, Skarðshreppi, Dalasýslu, fæddan 29. apríl 1891, dáinn 24. júní 1971, og foreldra hans, Magdalenu Bjarnadóttur og Jón Finnsson, en þau bjuggu allan sinn búskap að Geirmundarstöðum.

3. gr.

Stofnandi sjóðsins er Steinunn Haraldsdóttir, eiginkona Finns sáluga, nú búsett að Staðarhóli, Öngulstaðahreppi, Eyjafirði. Stofnfé sjóðsins er kr. 70 000.00 — sjöttíu þúsund krónur —.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru: Arður af peningum og verðbréfum sjóðsins, gjafir, áheit og annað, er sjóðnum kann að áskotnast.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla safnaðarmál í Skarðssókn, Dalasýslu, einkum með því að girða og prýða grafreitinn við Skarðskirkju, og einnig að hlúa að og viðhalda sem bezt kirkjuhúsinu, svo framarlega, að söfnuðurinn eignist kirkjuna.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: Sóknarprestur Skarðskirkju, sóknarnefndarformaður Skarðssóknar, og einn maður, tilnefndur af hreppsnefnd Skarðshrepps, til fjögurra ára í senn. Stjórnin kys sér sjálf formann og skiptir með sér verkum. Heimilt er þessum þremur stjórnarmönnum að kjósa sér meðstjórnarmann, jafnan einhvern af nánustu niðjum Finns Jónssonar.

7. gr.

Öllum árlegum tekjum sjóðsins má verja samkvæmt skipulagsskrá þessari. Ef árstekjur reynast verulega hærri en nemur almennum vöxtum, getur stjórnin ákveðið að hækka höfuðstól um hluta teknanna.

8. gr.

Ávaxta skal fé sjóðsins á þann hátt, sem stjórn hans telur hagkvæmt á hverjum tíma.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána og allar fundargerðir. Enn fremur ber að færa í hana eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og ársreikning hvern.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanksárið og ber gjaldkera að ljúka gerð ársreikninga hans fyrir lok febrúarmánaðar næstan á eftir. Endurskoðun reikninga sjóðsins annist endurskoðendur Skarðshrepps.

11. gr.

Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

12. gr.

Leita ber staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, í nóvembermánuði 1972.

Steinunn Haraldsdóttir.